

Umhverfissráðuneytið
Íris Bjargmundsdóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. nóvember 2011
2011100015/42-1-1
TB
jgo/tb

Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarpsdrög um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir frumvarpsdrögin og telur þau mjög til bóta sérstaklega með tilkomu C hluta í 1. viðauka en hann mun gera framkvæmdir tilkynningarskyldar sem áður var hægt að fara í kringum með því að búta niður framkvæmdir í minni einingar. Þó eru nokkur atriði sem stofnunin vill gera athugasemd við og telur að skoða verði betur.

4. gr.

Í fjórðu grein frumvarpsins er skilgreint að fullnægjandi gögn séu endanleg gögn sem umsagnaraðilar geta byggt umsagnir sínar á og sem geta verið grundvöllur ákvarðana Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Að mati Náttúrufræðistofnunar segir þetta í raun lítið um hver gæði gagnanna eigi að vera eða hvernig það er metið hvort þau séu fullnægjandi. Í núverandi 22. gr. í reglugerðar nr. 1123/2005 er það fyrst í umsagnarferlinu (umsagnaraðilar meta) sem það kemur fram hvort gögn í tilteknu máli eru álitin fullnægjandi eða ekki. Náttúrufræðistofnun telur að það gæti verið betra að segja með skýrari hætti í lögnum að það sé Skipulagsstofnunar að ákveða hvenær fullnægjandi gögn hafa borist og eiginlegt umsagnarferli getur þá hafist og jafnvel að stofnunin geti sérstaklega leitað álits hvað það varðar þ.e. gæði gagnanna.

Í 4. gr. segir fyrir framkvæmdir sem falla í B flokk að ákveða skuli innan fjögurra vikna hvort framkvæmd er matsskyld eða ekki og tveggja vikna ef framkvæmd er í C flokki. Þetta eru mjög stuttir frestir fyrir stofnanir, þ.m.t. Skipulagsstofnun, og sveitarfélög sem eru oft yfirhlaðnar störfum, þ.e. einnig starfsmenn. Einnig er óljóst hvers vegna þarf styttri tíma fyrir framkvæmdir í C flokki og að sá tími lengist aðeins um eina viku ef leita þarf álits? Þetta er ekki í samræmi við íslenskan veruleika og mál sem virðast einföld geta einnig verið flókin




auk þess sem umsagnaraðilar hafa kannski ekki mannskap til að setja starfsmenn í skyndi í vinnu allt að 2-5 daga (mörg mál og óskyld mál geta verið í vinnslu samtímis), jafnvel mun lengur í stórum málum, við að skoða gögn og gefa álit. Athuga ber einnig að sumar stofnanir fá ekki greitt fyrir umsagnir og starfsmannafjöldi ekki endilega í samræmi við fjölda framkvæmda í þjóðfélaginu hverju sinni.

7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsdraganna segir í a lið: Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. flokki A skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Um framkvæmdir í B og C flokki skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Náttúrufræðistofnun spyr einfaldlega hvort þetta orðalag, í báðum tilfellum, sé ekki einfaldlega allt of veikburða til að það hafi einhverja ákveðna lagalega merkingu. Þegar notað er orðfæri eins og *að kynna sér* eða *taka rökstudda ákvörðun* án þess að segja beint hvað sé átt við t.d. að óheimilt sé að taka ákvörðun eða veita leyfi án þess að fara eftir álit Skipulagsstofnunar og/eða að ef það er ekki gert þá verði að rökstyðja það sérstaklega og þá vísað í atriði eða efnisþætti í matsskýrslu sem styðja þau frávik o.s.frv. Einnig má ætla að rökstuðningur leyfisveitanda þurfi ekki aðeins að vera í samræmi við álit Skipulagsstofnunar og það sem kemur fram í matsskýrslu heldur einnig að ef frávik eru þá sé sýnt fram á að leyfisveitingin gangi ekki gegn markmiðum laganna. En þá má ætla að eitthvað nýtt hafi komið fram í málinu. Ef þetta er ekki gert að skyldu með einhverjum hætti þá má spyrja til hvers álit Skipulagsstofnunar er til hvers athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila eru þ.e. þeirra sem eru í samræmi við álit Skipulagsstofnunar. Kæruréttur er síðan alltaf til staðar.

9. gr.

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 1. viðauka þ.e. hvað fari í flokk A, B og C. Til dæmis í 1. flokki, Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi, fer aðeins þaueldi alifugla og svína í A flokk. Þetta eru eini flokkurinn sem er líklegur til að hafa takmörkuð áhrif á ósnortna náttúru, þ.e. vegna t.d. vegna stærðar þaueldisbúanna, þó önnur áhrif geti verið töluverð s.s. lyktarmengun og önnur mengun. Hins vegar fara allir aðrir flokkar í B eða C s.s. að leggja óræktað eða lítt ósnortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað. Sama gildir um skógrækt hvort sem hún er á verndarsvæði eða ekki eða hvort um sé að ræða ruðning náttúrulegra skóga. Sama gildir um þaueldi á fiski. Náttúrufræðistofnun spyr hvort hér sé ekki um að ræða einkennilega afstöðu til náttúru landsins og friðlýstra svæða og annarra verndarsvæða. Vissulega er hér um tilkynningarskildar framkvæmdir að ræða og er það mjög til bóta. Það eru engu að síður til reglur sem banna ræktun útlendra tegunda hér á landi á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 með síðari breytingum. Með hliðsjón af framangreindu og mikilvægi friðlýstra svæða og verndarsvæða fyrir náttúru landsins, bæði á þurrlendi og í sjó, þá er ekki hægt að sjá hvað rök liggja að baki því að stórfelld breyting á landi sé ekki í A flokki. Þetta þarf einnig að skoða t.d. vegna efnistöku á verndarsvæðum, vegna 3.13 olíu og gas leiðslur á verndarsvæðum o.s.frv. Nefna má að t.d. að öl- og maltgerð á verndarsvæðum lendir í flokki B eins og framkvæmdir sem geta gjörbreytt landi. Þetta virðist handahófskennt val og ekki skýrt hvað ræður flokkuninni og svo virðist sem verndarsvæði, í það minnsta friðlýst svæði, njóti ekki sérstöðu hvað varð val á framkvæmdum í A flokk.



11. gr.

Fyrirhugaðar breytingar á 3. viðauka sem verður 2. viðauki, sjá 11. gr. í frumvarpsdraganna, eru mjög til bóta.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

